

21. febrúar 2025

Tilkynning frá Aðföngum vegna innköllunar á Morbier Tradition Émotion osti

Með hliðsjón af öryggi og velferð neytenda hafa Aðföng ákveðið að taka úr sölu og innkalla **Morbier Tradition Émotion ost**. Innköllunin er tilkomin vegna gruns framleiðanda vörunnar um *E.coli* STEC smit í ostinum og varðar hún eingöngu best fyrir dagsetningu 23/02/2025.

Varan hefur verið tekin úr sölu í verslunum.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti: *Morbier Tradition Émotion*

Nettómagn: 100g

Umbúðir: *Plastumbúðir*

Strikamerki: 3292790340085

Best fyrir dagsetning: 23/02/2025

Lotunúmer: 32021A105436

Geymsluskilyrði: *KÆLIVARA, 0-4°C*

Upprunaland: *Frakkland (FR 25 155 001 CE)*

Dreifing: *Verslanir Hagkaups*

Viðskiptavinum Hagkaups sem keypt hafa vöruna er ráðið frá því að neyta hennar og er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Fyrir hönd framleiðanda vörunnar biður Aðföng viðskiptavini Hagkaups sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið [gm\[at\]adfong.is](mailto:gm[at]adfong.is)

